

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 210/2018

frá 26. október 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/736 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna rafmagns- og rafeindaíhluti sem innihalda blý, í gleri eða keramik, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/737 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/738 frá 27. febrúar 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/739 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í stáli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/740 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 94.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 97.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 100.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 103.

því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í áli, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/741 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í kopar, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/742 frá 1. mars 2018 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁷⁾.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 L 0736:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/736 frá 27. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 94),
- **32018 L 0737:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/737 frá 27. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 97),
- **32018 L 0738:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/738 frá 27. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 100),
- **32018 L 0739:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/739 frá 1. mars 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 103),
- **32018 L 0740:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/740 frá 1. mars 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 106),
- **32018 L 0741:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/741 frá 1. mars 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 109),
- **32018 L 0742:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/742 frá 1. mars 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 112).“

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 106.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 109.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 123, 18.5.2018, bls. 112.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/736, (ESB) 2018/737, (ESB) 2018/738, (ESB) 2018/739, (ESB) 2018/740, (ESB) 2018/741 og (ESB) 2018/742, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.